



Pólitíski fanginn. Gerður hlaut verðlaun fyrir þetta listaverk í Tate Gallery í London.



Gerður Helgadóttir í vinnustofu sinni.

Verk Gerðar á Kjarvalsstöðum frá 1. júní




Vatnslitamynd frá fyrstu námsárum listakonunnar í Reykjavík. (Ljósm. Mbl. Ól.K.Mag.)

Gerður Helgadóttir hóf ung nám í Handíðaskólanum í teiknun og málun, um höggmyndalist var ekki að ræða þá. Samt mun hún snemma hafa byrjað að móta andlitsmyndir í leir og höggva grjót í fjörunni hjá Sigurjóni Ólafssyni í Laugarnesi. Hún hélt síðan utan til frekara náms og eftir það átti hún lengst af heimili erlendis. Hún var við nám í akademíunni í Flórens á Ítalíu í tvö ár og vann þar til sinna fyrstu verðlauna, en síðan átti hún eftir að hljóta margs konar verðlaun og viðurkenningu fyrir verk sín. Hún bjó lengst af í Frakklnadi, nam í Listaskólanum Academie de la Grade Chaumiere og síðan var hún í einkaskóla hins fræga myndhöggvara Zadkins.

Gerður sýndi í fyrsta sinn sjálfstætt á Íslandi árið 1952, en hafði þá átt verk á sýningum úti. Hún tók iðulega síðan þátt í samsýningum hér og erlendis, samtals átti hún verk á yfir 50 sýningum. Gerður Helgadóttir lézt í maí 1975, nýlega 47 ára að aldri.

h.k.

Á SÝNINGU Gerðar Helgadóttur verður sýnt afar fjölbreytt úrval verka hennar, en hún fékkst við margs konar listsköpun á stuttri ævi og náði valdi á nánast öllu því sem hún sneri sér að. Einna þekktust er hún fyrir höggmyndir sínar, en hún vann einnig í járn, mósaík, hún málaði vatnslitamyndir og hún gerði skartgripi, og að ógleymdum glermyndum hennar sem ásamt öðrum verkum hennar prýða margar byggingar bæði hér og erlendis, m.a. koma 30 nýir steindir gluggar frá Þýskalandi á sýninguna. Flest þau verk sem verða á sýningunni nú eru í eign Listasafns Kópavogs, en því ánafnaði Gerður meginhluta verka sinna. Það er Leifur Breiðfjörð sem setur upp sýningu Gerðar og sér um sýningarskrá og ásamt honum eru einnig til aðstoðar Ágúst Petersen og Guðmundur Benediktsson.



Skúlptúr frá 1955 eða þar um bil.



Sellóleikarinn. Gerð í París 1950.